

Erindisbréf fyrir Ferða-, safna- og menningarráð Suðurnesjabæjar

1. gr.

Ferða-, safna og menningarráð fer með ferða-, safna- og menningarmál Suðurnesjabæjar eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í samþykkt þessari.

2. gr.

Ferða-, safna- og menningarráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil þess er það sama og bæjarstjórnar. Starfsmaður ráðsins sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti aðalfulltrúi í ráðinu ekki mætt til boðaðs fundar skal hann tilkynna um forföll til starfsmanns ráðsins eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður í sinn stað.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fundir skulu haldnir að jafnaði sjö sinnum á ári eða eins oft og þurfa þykir en þó innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt. Forstöðumenn safna í eigu sveitarfélagsins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar málefni safnsins er til umfjöllunar. Fulltrúar í ferða-, safna og menningarráði skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum ráðsins. Fulltrúi skal víkja af fundi, og er heimilt kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

3. gr.

Hlutverk ferða-, safna- og menningarráðs er:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í ferða-, safna og menningarmálum og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.
- að fara með málefni bókasafna, safna og menningarviðburða á vegum sveitarfélagsins.
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að ferða-, safna- og menningarmálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í ferða-, safna- og menningarmálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær ábendingar sem berast vegna þjónustunnar.
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.



- að stuðla að góðu samstarfi félagasamtaka á sviði ferða-, safna- og menningarmála í sveitarfélaginu.
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í ferða-, safna- og menningarmálum.

4. gr.

Verkefni ferða-, safna- og menningarráðs eru:

- að efla ferða-, safna og menningarstarf í sveitarfélaginu og hafa um það samstarf við félag og aðila sem starfa á því sviði.
- að fara með þau verkefni sem bókasafnsnefnd eru falin samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn.
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um styrki til félaga, er starfa að ferða-, safna- og menningarmálum, og fylgjast með starfsemi þeirra.
- að hafa eftirlit með rekstri bókasafna sveitarfélagsins.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum er heyra undir starfsemi ráðsins.
- að skipuleggja menningarviðburði og hátíðir í sveitarfélaginu í samstarfi við félagasamtök og einstaklinga eftir því sem við á.
- að vera bæjarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja í þágu ferða-, safna- og menningarmála.
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

5. gr.

Starfsmaður ráðsins heyrir undir stjórnýsluvið og situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi ráðsins og sér um ritun fundargerða nema ráðið ákveði annað. Starfsmaður ráðsins undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir ráðsins eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

6. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Ráðið skal gæta ákvæða stjórnýslulaga við meðferð mála.

Sett með heimild í 44. gr. samþykktu um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 450/2018 með síðari breytingum.

Samþykkt á 32. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 3. febrúar 2021.

